

## **GÁTLISTI VIÐ MAT Á FJÁRHAGSÁHRIFUM**

– sbr. eyðublaðið „Mat á áhrifum lagasetningar“

Til að samræma vinnu við greiningu og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið, við undirbúning stjórnafrumvarpa, hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið tekið saman gátlista um helstu atriði sem getur þurft að huga að í matinu. Slíkur listi getur ekki orðið tæmandi og taka þarf mið af öðrum áhrifavöldum sem eiga við í hverju tilviki.

### **Launa- og starfsmannakostnaður**

- Fjöldi starfa.
- Launataxtar, meðallaun, launatengd gjöld.
- Stjórnir eða nefndir og þóknanir til þeirra.
- Lífeyrisskuldbindingar.
- Biðlaun. Fjöldi þeirra sem eiga rétt og áætluð heildarskuldbinding.

### **Annar rekstrarkostnaður en laun**

- Breyting á magni og gæðum veittrar þjónustu.
- Aðkeypt sérfræðiþjónusta.
- Hugbúnaður og tölvuvinnsla.
- Fræðsla, útgáfa, kynningar o.þ.h.
- Akstur, ferðir og uppihald.
- Rekstrarkostnaður vegna húsnæðis.
- Vörukaup.

### **Húsnæðis- og stofnkostnaður**

- Breytt húsnæðisþörf, m.a. stærð og gerð húsnæðis.
- Innréttingar og breytingar á núverandi húsnæði.
- Tækja- og búnaðarkaup.
- Kaup og sala á fasteignum.

### **Stjórnun og skipulag**

- Skipulag, verkaskipting og vinnulag. Einföldun eða meiri kröfur.
- Ábyrgð á og eftirlit með kostnaði og tekjum.
- Málsmeðferð við töku ákvarðana um kostnað, umbúnaður útgjaldastýringar.

### **Bótakerfi - tilfærslur til einstaklinga**

- Fjárhæðir, viðmið um tekjumörk, eignamörk, fjölskyldugerð - bótaréttindi
- Áhrif á mismunandi hópa t.d. eftir tekju- eða aldursbilum.
- Áætlaðar bótagreiðslur m.v. bótaréttindi og fjölda bótaþega.

### **Styrkjakerfi - tilfærslur til fyrirtækja eða einkaaðila**

- Styrkjafjárhæðir, þök, viðmið um starfsemi - réttur til styrkja.
- Áhrif á mismunandi fyrirtæki/aðila eða atvinnugreinar t.d. eftir tegund starfsemi.
- Áætlaðar styrkveitingar m.v. rétt til styrkja og fjölda fyrirtækja/aðila.

### **Stærri fjárfestingar og framkvæmdir**

- Áfangaskipting fjárfestingar eða framkvæmdar eftir árum þ.m.t. kostnaður.
- Heildarumfang verkefnisins þar til það er fullbúið.
- Rekstrarkostnaður eftir að tæki, fasteign eða mannvirki er komið í notkun.

## **Tekjur**

- Áhrif frumvarps á tekjur ríkissjóðs (með beinum og óbeinum hætti)
- Gjaldtökuheimildir. Feli frumvarp í sér nýja eða breytta gjaldtöku er það jafnan metið af skrifstofu skattamála fjármála- og efnahagsráðuneytisins hvort gjaldtökuákvæði eru í samræmi við sjónarmið og lagaákvæði sem um slíkt gilda.
- Áætlun um veltu og aðgreining sértekna stofnunar og ríkistekna.

## **Sjóðstreymi og efnahagsreikningur**

- Hlutfé- eða stofnfjárframlög.
- Eignasala.

## **Efnahagsleg áhrif frumvarpa**

- Áhrif á efnahagsforsendur, sem valdið geta breytingum til skemmri eða lengri tíma, á stöðu ríkissjóðs
- Áhrif á jöfnun gæða.
- Áhrif á fjárfestingu og framkvæmdir.
- Áhrif á skuldir og eignir fyrirtækja og einstaklinga.
- Áhrif á verðlagsforsendur, atvinnuleysi og atvinnutækifæri.
- Áhrif á gjaldeyrismál, peningamál og fjármálastöðugleika.

## **Eftirfarandi komi fram í mati á fjárhagsáhrifum**

- Bæði áhrif til hækkunar og til lækkunar en ekki aðeins nettó áhrif.
- Verðlagsforsendur, ef notaðar eru aðrar forsendur en áætlað meðalverðlag ársins.
- Hvort munur er á skuldbindingum sem gjaldfærðar verða á árinu (rekstrargrunnur) og þeim kostnaðarliðum sem standa þarf undir á árinu með beinum fjárgreiðslum eða innheimtum tekjum (greiðslugrunnur).
- Hvernig ætlunin er að fjármagna útgjöld umfram það sem tekjur geta staðið undir.
- Hvernig kostnaður og tekjur falla til í tíma, á gildistökuárinu og eftirleiðis.
- Hvaða kostnaður og tekjur eru eins skiptis eða tímabundin.
- Hversu nákvæmt matið er og á hversu traustum gögnum það er reist. Þetta má stundum gera með því að áætla neðri og efri mörk fjárhæða.

## **Önnur áhrif sem hafa þýðingu fyrir fyrirkomulag ríkisfjármála**

- Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum
- Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál
- Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
- Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda - lagakröfur
- Rekstrarform ríkisstarfsemi
- Opinber innkaup og útboð
- Eignaumsýsla ríkisins
- Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna
- Ríkisstyrkir og ívilnanir þ.m.t. samræmi við reglur ESA